

Ed.

452. Nefndarálit

[193. mál]

um frv. til laga um ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin klofnaði í afstöðu sinni til málsins. Við undirritaðir Lárus Jónsson og Eyjólfur Konráð Jónsson, fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, flytjum á þskj. 445 breytingartillögur við frv. sem felast í að tryggja hag láglaunafólks og bótaþega almannatrygginga og verndun kaupmáttar þess fólks þrátt fyrir skerðingu verðbóta á laun um 7% hinn 1. mars, en sú launaskerðing er nánast eina ákvæði frv. sem skiptir máli eins og það er úr garði gert af hálfu ríkisstjórnarinnar. Þá fela þessar tillögur okkar í sér verulega hjöðnun verðbólgu 1. maí, skattalækkun og ekki síst ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir atvinnuleysi sem veruleg hætta er á að óbreyttri stefnu ríkisstjórnarinnar.

I. Einkenni og áhrif gamlársdagslaga ríkisstjórnarinnar.

Frv. þetta fjallar um staðfestingu Alþingis á bráðabirgðalögunum sem ríkisstjórnin gaf út á gamlársdag. Í frv. felst lögbvinguð einhliða fórn launþega og bótaþega almannatrygginga sem nemur 7% af launum og bótafjárhæðum hinn 1. mars n. k. frá því sem verið hefði að óbreyttum lögum.

Í frv. sjálfu er ekkert bitastætt ákvæði til þess að draga úr kjaraskerðingu bótaþega lífeyristrygginga, ekki einu sinni þeirra sem þurfa að lifa af tekjutryggingu einni saman, og sama gildir um láglaunafólk. Skv. frv. mun kaupmáttur þess skertur verulega. Þess munu ekki dæmi a. m. k. síðustu áratugina að svo hafi verið staðið að lagasetningu sem þessari af hálfu ríkisstjórnar og Alþingis. Þrátt fyrir þessa einhliða fórn launþega og bótaþega almannatrygginga næst ekki meiri árangur en svo í viðureigninni við verðbólguna að hún verður svipuð og áður eða um og yfir 50%. Þá felast í frv. og efnahagsáætlun ríkisstjórnarinnar ákvæði um verðlagshöft, falska gengisskráningu og stórhækkun vaxta sem nefna má uppskrift fyrir atvinnuleysi.

1) Of einhliða og mikil fórn launþega og lífeyrisþega almannatrygginga.

Ekki fer á milli mála að verðbótaskerðing launa og bóta lífeyrisþega almannatrygginga er kjarni þessara bráðabirgðalaga. Svo sem fram kemur í bréfi hagstofustjóra er ótvírætt að ákvæði 5. gr. laganna ná til tryggingabóta. Bréfið og útreikningur Hagstofunnar á F- og K-visitölu 1. mars er birt með nefndarálitinu sem þskj. II. Í bréfinu segir orðrétt: „Hins vegar mun skerðing verðbóta í framkvæmd ávallt hafa gilt gagnvart bótum almannatrygginga, nema annað hafi verið ákveðið sérstaklega í viðkomandi lögum eða annars staðar.“

Áhrif bráðabirgðalaganna koma skýrt í ljós 1. mars á útborguð laun og einnig bætur almannatrygginga skv. framansögðu í meðfylgjandi orðréttum útreikningi Hagstofunnar á framfærslu- og kaupgjaldsvisitölu 1. mars:

„Verðbótahækkun launa frá 1. mars 1981 er 5.95%, og er hér á eftir sýndur útreikningurinn, sem leiðir til þessarar niðurstöðu:

Hækkun framfærsluvisitölu frá 2/11 1980 til 1/2 1981 (úr 2882.56 stigum í 3295.23 stig)	14.32%
Frá dregst:	
Búvörufrádráttur (sbr. 1. tölul. 50. gr. laga nr. 13/1979)	1.32%

Verðhækkun áfengis og tóbaks í nóvember 1980 (sbr. 3. tölulið 50. gr. sömu laga)	0.89%	2.21%
Við bætist:		12.11%
Áhrif bættra viðskiptakjara (sbr. 3. tölul. 50. gr. sömu laga)		0.84%
		12.95%

Samkvæmt ákvæði í 1. málgr. 5. gr. bráðabirgðalaga nr. 87/1980 skal verðbótahækkun launa 1. mars 1981 ekki vera meira en 7 prósentustigum lægri en þessi hundraðshluti, sjá tilvitnað lagaákvæði í tilkynningu Kauplagnsnefndar. Hér koma því til frádráttar 7 prósentustig (Leturbr. hér — Innskot: Bætur almannatrygginga skerðast einnig um 7%, sbr. framangr. tilvitnun.) 7.00%“

„Verðbótahækkun launa 1. mars 1981 (Sjá nánar fskj. II.) 5.95%“

Verðbætur á laun og bætur almannatrygginga skerðast svo sem hér segir skv. framansögðu hinn 1. mars:

	Óskert 1. mars	Skerðing „Ólafslaga“	Skerðing brb.-laga	Útb. laun/ bætur:
Mánaðarlaun verkamanna: ¹⁾	5 710	(108)	448	5 262
Tekjutrygging hjóna, almannatryggingar:	2 240	(26)	164	2 076

Síðar á árinu á skerðing skv. 50. gr. „Ólafslaga“ að falla niður þegar kaupgjaldsvisitala er reiknuð á laun sem nema 725 þús. gkr. eða lægri upphæð, en haldast í gildi gagnvart útreikningi á hærri laun. Hinn 1. júní og síðar verða því tvær kaupgreiðsluvisitölur í gildi sem oft á tíðum þarf að nota báðar til þess að reikna út verðbætur eins launþega.

Afnám þessara skerðingarákvæða á lægri laun hafa sáralitla þýðingu til að bæta láglaunafólki þá kaupmáttarskerðingu sem felst í 5. gr. bráðabirgðalaganna. Hér er um að ræða frádrátt frá framfærsluvisitölu sem stafar af hækkun launaliðar bónda í búvöruverði og ákvæði skv. 3. tölulið 50. gr. „Ólafslaga“ um áhrif viðskiptakjara.

Viðskiptakjör hafa versnað mjög síðan þessi lög voru sett og hefur það haft í för með sér 16.9% skerðingu verðbótavísitölu fram til 1. mars í ár. Nú hafa viðskiptakjör á hinn bóginn batnað og fá launþegar nú 1. mars 0.84% kauphækkun vegna þessa ákvæðis. Einmitt þá er það afnumið og sagt að það sé til hagsbóta fyrir láglaunafólk! Þjóðhagsstofnun spáir því að viðskiptakjör hvorki versni né batni það sem eftir er yfirstandandi árs. Flest bendir þó til að þau fari heldur batnandi en hitt. T.d. hefur ekki orðið verðhækkun á frystum fiski í Bandaríkjunum í tvö ár og líkur taldar á að þar fari verð þessarar mikilvægu útflutningsvöru okkar að hækka. Það er því einkennileg kjarabót fyrir láglaunafólk að afnema áhrif viðskiptakjara á laun þegar svo er ástátt. Þessi „kjarabót“ láglaunafólki til handa er sögð hafa náðst vegna harðrar baráttu forustumanna Alþýðubandalagsins í launþegasamtökum, ríkisstjórn og á Alþingi.

Ýmsir stjórnarsinnar hafa haldið því fram, að launþegar „skipti á sléttu“ með þessum lögum í kaupmætti. Þjóðhagsstofnun hefur látið fjárhags- og viðskiptanefnd í té eftirgreinda útreikninga. Þar kemur allt annað í ljós. Fram kom á fundi nefndarinnar (frá forstjóra Þjóðhagsstofnunar) að kaupmáttur launa á 4. ársfjórðungi 1981 mundi verða 5–6% minni en á 4. ársfjórðungi 1980 (ath.: viðskiptakjör batna heldur en hitt á árinu 1981).

1) Upplýsingar frá Kjararannsóknarnefnd skv. desembertöxtum, Ath. 2 tímar í eftirvinnu meðtaldir.

Samanburður á kaupmætti kauptaxta ASÍ litur þannig út (sjá fskj. IV og V):
 I. Óbreytt „Ólafslög“ og engar aðgerðir.
 II. Eftir bráðabirgðalög, ársmeðaltal 1979=100.

Kaupmáttur kauptaxta A. S. Í.

1981	I.	II.
Janúar	98.4	98.2
Febrúar	94.5	95.3
Mars	101.2	96.0
Apríl	95.6	92.4
Mai	90.5	89.2
Júní	99.2	95.8
Júlí	95.6	93.6
Ágúst	92.1	91.3
September	97.9	95.4
Október	93.1	92.1
Nóvember	88.7	88.7
Desember	96.2	95.2
Ársmeðaltal:	95.0	93.5

2) Skattar þyngdir og opinber þjónusta hækkuð samtímis kaupskerðingunni.

Ekki er öll sagan sögð þótt tíundað sé hver sé kaupmáttarskerðing taxtakaups launþega og bótapega almannatrygginga. Samtímis útgáfu bráðabirgðalaganna var öll opinber þjónusta hækkuð um 10% og áformuð stórfelld skattahækkun þriðja árið í röð á allan almenning.

Þessi hækkun skatta, sem áformuð er milli árána 1980 og 1981, er að raungildi sem hér segir á verðlagi fjárlaga 1981:

1. Orkujöfnunargjald hækkun frá fyrra ári	8 000
2. Innflutningsgjald á sælgæti	1 200
3. Nýtt vörugjald á sælgæti og gosdrykki	3 600
4. Skattahækkun á bensín umfram verðlag	4 700
5. Hækkun tekju- og eignarskatta miðað við skattvísitölu 145	10 500
	<u>28 500</u>
Frá þessu dregst:	
Afnám aðlögunargjalds	÷ 3 100
Afnám nýbyggingargjalds	÷ 300
Áformuð tollalækkun	÷ 1 000
	<u>24 100</u>

Orkujöfnunargjald, sem lagt var á í fyrra og er í raun 1.5% söluskattur, leggst á fólk allt árið nú og er þeim mun þyngri skattur í ár en í fyrra. Innflutningsgjald á sælgæti og vörugjald á sælgæti og gosdrykki eru nýir skattar. Hækkun tekju- og eignarskatta umfram verðlag stafar af því, að fjárlög gera ráð fyrir að skattvísitala og þar með persónuafslættir og skattstigir hækki einungis um 45% á sama tíma sem tekjur hafa hækkað að mati Þjóðhagsstofnunar um 51—52%.

Þessi skattahækkun bætist við fyrri hækkunir skatta sem núverandi ríkisstjórn og ríkisstjórn Ólafs Jóhannessonar bera ábyrgð á frá haustinu 1978. Heildarhækkun skatta frá þeim tíma er orðin 70—80 milljarðar króna að raungildi á fjárlagaverðlagi í ár eða rúmlega 1 700 þús. gamlar krónur á hverja 5 manna fjölskyldu í landinu.

Þegar þannig er staðið að málum og ríkisstjórnir hver eftir aðra fara æ dýpra í vasa skattborgara á tímum rýrnandi þjóðartekna er ekki von að vel fari. Óljós

loforð í svonefndri efnahagsáætlun ríkisstjórnarinnar um óverulega tilslökun á þessari skattahækkun, sem er staðreynd, eru almenningi harla lítils virði.

(Sjá áætlun Þjóðhagsstofnunar um breytingar beinna skatta á fiskj. VIII).

3) Hækkun raunvaxta.

Í 2. gr. bráðabirgðalaganna er kveðið svo á að fresta skuli verðtryggingu sparifjár og útlána skv. 33. gr. Ólafslaga. Í 3. gr. er á hinn bóginn ákveðið að stofna þegar í stað til verðtryggðra innlána sex mánaða sparifjárreikninga í bönkum og sparisjóðum, sem auðvitað þýðir verðtryggingu inn- og útlána bankakerfisins að verulegu leyti þegar í stað. Þeir bankamenn, sem komu á fund tjárhags- og viðskipta- nefndar til þess að skýra þá vaxtastefnu sem felst í þessum greinum laganna, kinokuðu sér við að skýra þær í samhengi. Sá þeirra, sem varkárastur var, sagði að þær „virtust ganga sitt í hvora áttina“. Þegar þeir voru spurðir hvernig þessi ákvæði samrýmdust 10. lið svonefndrar efnahagsáætlunar ríkisstjórnarinnar þar sem segir: „Stefnt verði að almennri lækkun vaxta 1. mars,“ fengust engin svör.

Þegar fjárhags- og viðskiptanefnd óskaði eftir skriflegu svari um það, með hvaða hætti unnið væri að slíkri vaxtalækkun, svaraði hagfræðideild Seðlabankans þannig orðrétt, eins og fram kemur í fiskj. III með þessu nefndarálit: „um það hvernig unnið sé að því stefnumiði að lækka vexti 1. mars, treystist hagfræðideild ekki til að svara að svo stöddu“. (Leturbr. hér.)

Augljóst er, hver ástæðan er fyrir þessu svari hagfræðideildar Seðlabankans, ef skoðuð eru fylgigögn bréfs bankans í fiskj. III. Þar kemur skýrt í ljós, að ákvæði 3. gr. laganna um að skylda banka og sparisjóði til að hafa á boðstólum verðtryggða sex mánaða innlánsreikninga, sem síðar var ákveðið að bæru 1% vexti, þýddi stórfellda hækkun inn- og útlánsvaxta svo til þegar í stað.

Bankamenn og hagfræðideild Seðlabankans hafa „vafið tungu um höfuð sér“ þegar spurt er hversu mikil er hækkun raunvaxta inn- og útlána eftir þessar ákvarðanir miðað við fyrra vaxtakerfi. Skrifleg svör Seðlabankans koma fram í áður nefndu fiskj. III. Þar eru raunvextir innlána í 55% verðbólgu neikvæðir frá 12.9% niður í 5.8%. Verðtryggð innlán bera á hinn bóginn a. m. k. 1% jákvæða vexti. Útlán bankanna verða því þeim mun dýrari. Vafasamt er hvort nokkru sinni fyrr hefur verið tekin ákvörðun um meiri hækkun vaxta en 3. gr. bráðabirgðalaganna gerir ráð fyrir.

Þetta eru að sjálfsögðu góðar fréttir fyrir sparifjäreigendur og verður vonandi til að efla innlendan sparnað að mun. Spurningin er sú, hvort atvinnuvegirnir eru við núverandi aðstæður og stjórnarfar í stakk búnir til að taka á sig þessa miklu vaxtahækkun.

4) Uppskrift fyrir atvinnuleysi?

Taprekstur flestra greina atvinnulífsins undanfarin ár er viðurkennd staðreynd, m. a. í greinargerðum fjárlagafrumvarpa ríkisstjórnarinnar. Enn er afkomu þeirra á þessu ári stefnt í tvisýnu svo ekki sé meira sagt. Greiðslustaða atvinnufyrirtækja er afleit og vanskil mikil.

Hvað þýðir stórhækkun vaxta, spennitreyja verðlagshafta og falskt gengi krónunnar og skattþening við slíkar aðstæður? Skyldi þetta vera aðbúnaður sem auðveldar vélvæðingu, aukna framleiðni og gróanda atvinnulífs og þar með lífskjara í landinu. Svarið liggur í augum uppi. Þessi stefna séð í samhengi er í raun uppskrift fyrir stöðvun atvinnuveganna og atvinnuleysi.

Almennt er talið að í byrjun desember á s. l. ári hafi gengi krónunnar verið 8—9% of hátt skráð til þess að útflutningsatvinnuvegirnir fengju kostnað sinn við öflun gjaldeyris uppi borinn. Vegna mikils gengissigs í desember var þetta hlutfall komið niður í 3—4%. Eftir ákvörðun fiskverðs skortir 5—6% á að gengi krónunnar sé „rétt“ skráð miðað við að allar greinar sjávarútvegsins fái uppi borinn kostnað við gjaldeyrisöflunina. Ástandið væri auðvitað miklu verra ef

„himnasendingin“, sem er hækkun dollarans miðað við Evrópugjaldmiðla, hefði ekki komið til.

Þessi stefna að halda uppi fólksku gengi eða jafnvel frysta það á tímum 50—60% innlendarar verðbólgu hlýtur að leika sjávarútveginn grátt svo og útflutningsiðnaðinn. Samkeppnisiðnaðurinn er þó jafnvel enn verr settur þar sem allar innfluttar iðnaðarvörur eru raunar niðurgreiddar þegar slík stefna er uppi í gengismálum. Til viðbótar óhagstæðu gengi hefur ekki tekist að fá stjórnvöld til að bæta samkeppnisiðnaðinum missi 3% aðlögunargjalds.

Ákvæði 1. gr. um „herta“ verðstöðvun, hækkun raunvaxta skv. 3. gr. og nýtt millifærslukerfi, sem þýðir falskt gengi, ásamt sífelldri hækkun skatta á atvinnuvegina og landsfólkið er augljóslega tilvalin uppskrift fyrir atvinnuleysi eins og áður sagði.

5) Hjakkað í sama verðbólguferinu þrátt fyrir fórn bótaþega almannatrygginga og launþega.

Með bráðabirgðalögunum, sem staðfesta á með þessu frv., vinnur ríkisstjórnin það vellukkaða afrek að hjakka í sama óðaverðbólguferinu og gert var ráð fyrir að yrði í fyrra, án þess að eitt eða neitt væri gert til þess að hamla gegn verðbólgunni. Þjóðhagsstofnun spáði því í apríl í fyrra að verðbólgan yrði 50—55% árið 1980 ef ekkert væri að gert. Forsætisráðherra sagði þá að visu í sjónvarpi: „Ef áform okkar standast þá gæti verðbólgan orðið um 40% frá ársbyrjun til ársloka, við skulum segja að hún verði í mesta lagi 45% á árinu. Ég trúi því ekki að hún verði meiri.“

Þetta var að visu tilslökun frá „niðurtalningunni“ og forsendum fjárlaga sem gerðu ráð fyrir 31% verðbólgu frá byrjun árs til loka 1980.

Þjóðhagsstofnun og þingmenn, sem drógu þessar verðbólguþáttir forsætisráðherra í efa á Alþingi, reyndust sannspárri en hann. Verðbólgan varð 55% frá 1. des. 1979 til 1. des. 1980 og slík skriða verðhækkana varð í desember í fyrra, m. a. vegna kjarasamninga sem ríkisstjórnin hafði veruleg áhrif á, að verðbólga frá ársbyrjun til ársloka varð 58.9%, en ekki 40—45% eins og forsætisráðherra hélt fram í apríl s. l.

Nú spáir Þjóðhagsstofnun um 50% verðbólgu í kjölfar þessara bráðabirgðalaga á árinu 1981 (sbr. fskj. IX), en forsætisráðherra er enn að tala um 40 prósentin sín! Sannleikurinn er sá, að mestar líkur eru á að sagan endurtaki sig frá því í fyrra, nema gjörbreyting verði á stefnunni í efnahagsmálum.

Í desember s. l. spáði Þjóðhagsstofnun 70% verðbólgu á árinu 1981. Við þá spá miðar ríkisstjórnin þegar hún leggur mat á árangur sinn í viðureigninni við verðbólguna. Aðgerðaleyfi hennar í efnahagsmálum og afskipti af kjarasamningum á s. l. ári urðu til þess að algjör ringulreið og óðaverðbólguþéttur blasti við. Með einhliða fórn og kaupmáttarskerðingu bótaþega almannatrygginga og launafólks — jafnt láglæna- sem hálaunamanna — nær ríkisstjórnin verðbólgunni niður á það stig sem henni var spáð í fyrra ef ríkisstjórnin sæti með hendur í skauti sér og gerði ekki neitt, hvorki til illis né góðs. Því má með sanni segja um þessi bráðabirgðalög, að þau sé of mikil og einhliða fórn launafólks og lífeyrisþega fyrir of lítinn árangur. Ekkert hefur áunnist annað en að bæta fyrir „alvarleg mistök“ ríkisstjórnarinnar sjálfar á s. l. ári og kippa til baka allri grunnkaupshækkun launþega sem sum launþegasamtökin voru upp undir ár að semja um.

Þessi bráðabirgðalög sýna, svo ekki verður um villst, að núverandi ríkisstjórn var mynduð án þess að samstaða væri um nein úrræði í viðureigninni við þá óðaverðbólgu sem hér ríkir og gegnsýrir og sýkir íslenskt efnahagslíf. „Niðurtalningarleiðin“ varð ríkisstjórninni svo rækilega til skammar á s. l. ári að niðurtalning er bannorð í nýrri efnahagsáætlun ríkisstjórnarinnar, sem er í raun óljóst orðagjálfur. Í stjórnarsáttmálanum segir orðrétt: „Á árinu 1981 verði ákveðin tímasett mörk í samræmi við markmið um hjöðnun verðbólgu.“ Niðurtalning fyrirfinnst þó engin í ráðagerðapluggi ríkisstjórnarinnar.

6) Óþörf og sumpart skaupleg gamlárslög.

Það er kapituli út af fyrir sig, að þau bráðabirgðalög um bráðabirgðaurræði, sem ríkisstjórnin gaf út á gamlárslögum, eru með öllu óþörf og brjóta því í bága við það ákvæði stjórnarskrárinnar að brýna nauðsyn hafi borið til að setja þau.

1. gr. laganna er óþörf því ríkisstjórnin hafði heimild í lögum til að haga verðstöðvun að eigin vild í framkvæmd.

2. gr. er óþörf vegna þess að 3. gr. tekur hana efnislega til baka og lesnar saman eru þessar greinar eins og brandari í áramótaskaupi.

Ef ríkisstjórnin vildi verðtryggja inn- og útlán með því að taka upp verðtryggða innlánsreikninga, sem bundnir voru til sex mánaða, hafði hún heimild til þess að gefa Seðlabankanum fyrirmæli um það skv. VII. kafla Ólafslaga. Trúlega hefðu menn talið að sú ákvörðun væri fullnægjandi framkvæmd á ákvæðum þess kafla.

4., 5. og 6. gr. var unnt að lögfesta á Alþingi með venjulegum hætti fyrir 1. mars.

7. greinin er enn betur fallin til skemmtunar í áramótaskaupi, en 2. og 3. gr. Þar setur ríkisstjórnin lög um að hún hafi heimild til að gera það, sem heimild er þegar fyrir í fjárlögum, og að henni sé heimilt að fresta framkvæmdum skv. lánsfjárlögum sem enn eru til meðferðar á Alþingi!

Sannleikurinn er sá, að það er með algjörum ólíkindum hvað þessi bráðabirgðalög eru mikið flauturverk. Það rennir stóðum undir ummæli viðskiptaráðherra í blóðum um að marktækar tillögur ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum hafi fyrst verið festar á blað á aðfangadag jóla. Trúlega er það en að forsætisráðherra hafi haft einhver úrræði í huga í apríl 1980, þegar hann „trúði því ekki“ að verðbólgan yrði meiri en 40–45% á s. l. ári.

II. „Samstillt átak á tiltölulega skömmum tíma.“

Gjaldmiðilsbreyting átti sér stað um síðustu áramót. Augljóst er að almenningur hefur tekið þessari breytingu vel. Áþreifanlega hefur sannast að gjaldmiðilsbreytingin hefði getað orðið mikilvægur hlekkur í samstilltum aðgerðum gegn verðbólgunni. Hún hefði orðið almenningi nauðsynlegt ytra tákni hugarfarsbreytingar og stjórnáráðmönnum brýning til allsherjarhreingerningar í efnahagsmálum til eflingar og styrktar hinum nýja gjaldmiðli. Því miður er þetta tækifæri í þann veginn að glatast til óþætlegs tjóns fyrir þjóðina vegna úrræða- og aðgerðaleysis ríkisstjórnarinnar.

Í athyglisverðri grein, sem dr. Jóhannes Nordal seðlabankastjóri ritar nýlega í Fjármálatíðindi bendir hann réttilega á hvílikt tækifæri gjaldmiðilsbreytingin er sem þáttur í viðtækum ráðstöfunum til viðnáms gegn verðbólgu. Hann hvetur til þess að gera „samstillt átak á tiltölulega skömmum tíma“ gegn verðbólguvágæstinum. Orðrétt segir hann:

„Í öðru lagi er ástæða til að benda á þann litla og yfirleitt skammæja árangur, sem náðst hefur á undanförunum árum með því að reyna að draga úr verðbólgunni með hægfara aðgerðum á tiltölulega löngum tíma. Þótt fyrir þessari leið megi færa ýmis góð og gild rök virðist hún krefjast meira úthalds og harðara aðhalds um langan tíma en stjórnkerfi Íslands ræður við. Sannleikurinn er sá, að varla er við því að búast, að hin hagstæðu áhrif verðbólguhjöðnunar á atvinnustarfsemi og þjóðlíf fari að koma fram í verulegum mæli fyrr en verðbólguhraðinn er kominn mjög langt niður fyrir það sem hann er nú, jafnvel um helming eða meir, svo að eitthvað markmið sé nefnt. Eigi að bíða eftir slíkum árangri árum saman, er hætt við að stíflan bresti áður en svo langt er komið og allt sæki í sama far. Margt mælir því sterktlega með því, að reynt verði að draga úr verðbólgunni með samstilltu átaki á tiltölulega skömmum tíma, á meðan hagstæð áhrif gjaldmiðilsbreytingarinnar geta enn orðið að nokkru líði.“ (Leturbr. hér.)

Betur er ekki hægt að komast að orði, ef lýsa á þeim hugmyndum í grundvallaratriðum sem sjálfstæðismenn lögðu fram fyrir síðustu kosningar til viðnáms og hjóðnunar verðbólgu á skömmum tíma. Andstæðingum okkar tókst að afflytja og hræða fólk á þessum hugmyndum. Þær voru róttækar og óþekkt fyrirbrigði í íslenskrí stjórn málasögu, að flokkur legði þannig spilin á borðið fyrir kosningar og segði að verðbólgan yrði ekki lækkuð án nokkurra fórna allra landsmanna í bili, en þó ekkert í líkingu við það sem fólk hefur þurft að taka á sig vegna rangrar stjórnarstefnu. Þeim fjölgar ört sem gera sér nú ljóst, að þessar hugmyndir sjálfstæðismanna fólu í sér raunhæfa leið til þess að nema burt þetta illkynjaða þjóðarmein með „samstilltu átaki á tiltölulega skömmum tíma“ einmitt um það leyti sem gjaldmiðilsbreyting var fyrirhuguð. Svo rammt kveður að þessu, að jafnvel pólitískir andstæðingar sjálfstæðismanna játa þetta í blaðskrifum.

Þær breytingartillögur, sem við undirritaðir nefndarmenn flytjum á þskj. 445, fela í sér skref í átt til endurreisnar íslensks efnahgs- og atvinnulífs. Með slíkum aðgerðum sem þær fela í sér yrði undirbúið „samstillt átak á tiltölulega skömmum tíma“ til viðnáms gegn verðbólgu.

1) Atvinnuvegirnir leystir úr spennitreyju.

Eins og áður segir er sú lögfesting hávaxtastefnu, sem komin er til framkvæmda skv. 3. gr. frv. og bráðabirgðalaganna, óbærileg atvinnuvegunum í þeirri spennitreyju sem hörð verðlagshöft og falskt gengi eru. Úr þessum vanda er lagt til að leysa atvinnuvegina með 1. og 4. breytingartillögum, enda mundu þá skapast skilyrði til þess að verðtryggja inn- og útlán bankakerfisins án þess að stöðva atvinnuvegina og valda atvinnuleysi.

1. breytingartillagan fjallar um að 8. og 12. gr. verðlagslaga þeirra, sem sjálfstæðismenn og framsóknarmenn beiltu sér fyrir að fá lögfest á Alþingi 1978, taki gildi á ný, og 4. breytingartillagan leggur bann við millifærslum til þess að halda uppi óraunhæfu gengi krónunnar og útsölu á gjaldeyri.

2) Kaupmáttur bóta almannatrygginga og láglauna verndaður.

2. breytingartillagan felur í sér að bætur lífeyristrygginga í almannatryggingakerfinu skerðist ekki um 7%, eins og verður ef frv. verður samþykkt óbreytt. Á sama tíma sem framfærslukostnaður hækkar um 14.32% eiga lífeyristryggingarnar einungis að hækka um 5.95% skv. óbreyttum bráðabirgðalögum og frv. Hér er augljóslega um feiknalega óréttláta lögþvingaða kjaraskerðingu að ræða hjá því fólki sem minnst má sín. 7% skerðing elli- og örorkulífeyris sviptir bótapega 3 500 millj. gkr. það sem eftir er af þessu ári

Verst kemur þetta þó niður á þeim sem einvörðungu hafa framfæri sitt af tryggingabótum, t. d. ellilífeyrisþegum sem lifa á tekjutryggingu, en með þessu frv. er lögfest að svipta þessa aðila, sem allir eru sammála um að séu verst settir í þjóðfélaginu, 1 050 millj. gkr. á yfirstandandi ári, og lækka útborgaða tekjutryggingu til hjóna um 16 400 gkr. á mánuði 1. mars.

Þá er leitast við að vernda kaupmátt láglaunafólks og almennra launþega með skattalækkunartillögum í 5. breytingartillögum.

3) Skattar hækki ekki frá fyrra ári.

Í 5. breytingartillögum er gert ráð fyrir að tekju- og eignarskattur haldist óbreyttur frá fyrra ári, þ. e. a. s. skattvísitala verði 153 stig, lög um skatt á sælgæti og gosdrykki falli úr gildi, sérstakt vörugjald lækki um 6% og söluskattur um 2%. Samtals léttir þetta sköttum af almennungi sem nema 25 milljörðum gkr. eða nálægt þeirri tölu sem áformað er skv. fjárlögum að hækka skatta frá fyrra ári.

Lágmarkskrafa er að ekki sé stefnt að skattahækkun þegar verðbætur eru skertar eins og frv. gerir ráð fyrir. Í fjárl. eru 11 milljarðar gkr. „til efnahagsráðstafana“. Niðurskurður skv. 7. gr. yrði þá 14 milljarðar gkr.

Í breytingartillögu við 7. gr. er lögð áhersla á að lækka ekki síður rekstrarútgjöld ríkissjóðs en framkvæmdaliði og að ríkisstjórn leggi tillögur sínar í þeim efnum fyrir Alþingi.

4) **Hjöðnun verðbólgu 1. maí.**

Þessar tillögur hafa í för með sér 2% lækkun framfærslu- og verðbótavísitölu 1. maí. Þetta mundi lækka greidd laun í landinu um 20 milljarða gkr. frá 1. júní og ríkissjóðs um 1 600 millj. kr.

Þessar breytingartillögur eru þess eðlis, að sjálfstæðismenn hefðu getað staðið að slíkum bráðabirgðaráðstöfunum, enda grundvallaratriði fyrr og síðar í stefnu Sjálfstæðisflokksins að færa fjármuni frá hinu opinbera til almennings og sérstaklega bótaþega almannatrygginga og lágláunafólks, þegar skerða hefur þurft verðbætur á laun vegna slíkra efnahagsráðstafana. Í þessum búiingi yrðu þessar ráðstafanir undirbúningur framtíðarstefnu til viðnáms gegn verðbólgu.

Alþingi, 22. febr. 1981.

Lárus Jónsson, Ey. Kon. Jónsson.
frsm.

Skrá yfir fylgiskjöl.

- I. Bréf frá viðskiptaráðherra um framkvæmd verðlagsmála eftir 1. maí, dags. 19. febr. 1981.
- II. Bréf frá Hagstofu Íslands, dags. 18. febr., og útreikningur á F- og K-vísitölu 1. mars.
- III. Bréf frá Seðlabanka Íslands, dags. 18. febr., ásamt fylgigögnum um áhrif verðtryggingar innlána á sex mánaða bókum á raunvexti inn- og útlána.
- IV.—V. Þjóðhagsstofnun: Kaupmáttur kauptaxta ASÍ fyrir og eftir bráðabirgðalög.
- VI. Þjóðhagsstofnun: Breyting á framfærsluvísitölu og kaupgjaldsvísitölu 1979—1980.
- VII. Þjóðhagsstofnun: Hækkun verðlags 1980.
- VIII. Þjóðhagsstofnun: Lausleg áætlun um beina skattbyrði einstaklinga 1964—1981.
- IX. Þjóðhagsstofnun: Bréf, dags. 18. febr., ásamt fylgigögnum. Svör við spurningum fjárhags- og viðskiptanefndar.
- X. Bréf, dags. 17. febr., frá ASÍ.
- XI. Bréf frá VR, dags. 17. febrúar.
- XII. Bréf frá BSRB, dags. 6. janúar.
- XIII. Bréf frá VSÍ, dags. 17. febrúar.

Fylgiskjal I.

Reykjavík, 19. febrúar 1981.

Fjárhags- og viðskiptanefnd efri deildar Alþingis hefur með bréfi, dags. 16. febrúar s. l., spurt ráðuneytið, hvernig verðlagsmálum og verðlagseftirliti verði hagað eftir 1. maí n. k.

Ríkisstjórnin er að fjalla um frekari aðgerðir í efnahagsmálum, en niðurstöður liggja ekki enn fyrir. Verðlagsmálin eru einn þáttur þessara mála.

Af þessum ástæðum er ekki unnt að svara spurningu nefndarinnar á þessu stigi málsins.

Tómas Árnason.

Til fjárhags- og viðskiptanefndar
efri deildar Alþingis.

Fylgiskjal II.

HAGSTOFA ÍSLANDS.

Reykjavík, 18. 2. 1981.

Með tilvísun til bréfs fjárhags- og viðskiptanefndar efri deildar Alþingis 16. febrúar 1981 sendir Hagstofan henni hér með yfirlit, þar sem sýndur er útreikningur verðbótahækkunar launa frá 1. mars 1981.

Að því er varðar spurningu nefndarinnar um, hvort ákv. 5. gr. um 7 prósentustiga skerðingu vísitölubóta taki „til útreikninga á bótum almannatrygginga“, skal eftirfarandi tekið fram: Svo er ekki beinlínis, enda er í bráðabirgðalögunum aðeins kveðið á um verðbætur á laun. Hins vegar mun skerðing verðbóta í framkvæmd ávallt hafa gilt gagnvart bótum almannatrygginga, nema annað hafi verið ákveðið sérstaklega í viðkomandi lögum eða annars staðar.

Það skal tekið fram, að grundvöllur ákvarðana um hækkun bóta almannatrygginga í kjölfar launahækkana — hvort heldur þær eru vegna grunnkaups- eða verðbótahækkunar — er í fyrri málsgrein 78. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar, er hljóðar svo: „Nú verður breyting á dagvinnukaupi verkamanna við almenna fiskvinnu, og skal ráðherra þá innan 6 mánaða, að fengnum tillögum tryggingaráðs, breyta upphæðum bóta samkv. lögum þessum og greiðslum samkv. 73. gr. í samræmi við það.“

Kl. Tryggvason.

Fjárhags- og viðskiptanefnd
efri deildar Alþingis.

Hækkun framfærsluvísitölu frá 1. janúar til febrúar 1981.

	Stig %
1. Brauð og kökur, hækkun 3.1%	0.07
2. Fiskur og fiskvörur, aðallega 20% hækkun á saltfiski. Fiskliðurinn í heild hækkaði um 3.6%	0.11
3. Grænmeti nýtt, aðallega rófur, tómatar og gúrkur. Liðurinn hækkaði um 19.8%	0.15
4. Aðrar matvörur: Smjörliki 8%, ávextir nýir 3.3%, ávextir þurrkaðir 5.7% o. fl., o. fl.	0.17
5. Öl og gosdrykkir (10.2% hækkun), trópícana	0.10
6. Fatnaðarliður, hækkun 4.1%	0.46
7. Heimilisbúnaður (gólfteppi, gluggatjöld) o. fl., hreinlætisvörur o. þ. h.	0.19
8. Liðurinn eigin bifreið (hækkun bifreiðaverðs)	0.06
9. Annað: Póstgjöld 10%, sundhallarmiðar 10%, bíómiðar 9.4%, ljósmyndataxtar 10%, erlend blöð og tímarit, snyrtivörur o. fl., o. fl.	0.31
Hækkun alls frá 2/1—1/2 1981	1.02

Verðbótahækkun launa frá 1. mars 1981 er 5.95%, og er hér á eftir sýndur útreikningurinn, sem leiðir til þessarar niðurstöðu:

Hækkun framfærsluvísitölu frá 2/11 1980 til 1/2 1981 (úr 2 882.56 stigum í 3 295.23 stig)

14.32

	Stig %
Frá dregst:	
Búvörufrádráttur (sbr. 1. tölulið 50. gr. laga nr. 13/1979)	1.32
Verðhækkun áfengis og tóbaks í nóvember 1930 (sbr. 3. tölulið 50. gr. sömu laga)	0.89 2.21

Við bætist:	12.11
Áhrif bættra viðskiptakjara (sbr. 3. tölulið 50. gr. sömu laga) ..	0.84

	12.95
Samkvæmt ákvæði í 1. málsgrein 5. gr. bráðabirgðalaga nr. 87/1980 skal verðbótahækkun launa 1. mars 1981 ekki vera meira en 7 prósentustigum lægri en þessi hundraðshluti, sjá tilvitað lagaákvæði í tilkynningu Kauplagnesnefndar. Hér koma því til frádráttar 7 prósentustig ..	7.00

Verðbótahækkun launa 1. mars 1981	5.95

Fylgiskjal III.

SEÐLABANKI ÍSLANDS, Hagfræðideild.

Reykjavík, 18. febrúar 1981.

Fjárhags- og viðskiptanefnd
efri deildar Alþingis.

Bréfi nefndarinnar, dags. 16. þ. m., hefur verið vísað til hagfræðideildar til svars af hálfu Seðlabankans.

Greinargerð þess efnis, sem um er spurt, áhrif verðtryggðra 6 mánaða spari-innlána á meðalvexti, hefur verið tekin saman eftir fyrirbyggjandi gögnum, svo sem unnt er innan hins takmarkaða frests, og sendist hér með.

Síðari lið fyrirspurnarinnar, um það hvornig unnið sé að því stefnumiði að lækka vexti 1. mars, treystist hagfræðideild ekki til að svara að svo stöddu.

Að gefnu tilefni sendist hér með afrit af svörum við fyrirspurn Friðriks Sophussonar alþingismanns.

Virðingarfyllst,
SEÐLABANKI ÍSLANDS
Hagfræðideild
Bjarni B. Jónsson.

SEÐLABANKI ÍSLANDS, Hagfræðideild.

17. febrúar, 1981.

Svör við fyrirspurn Friðriks Sophussonar alþingismanns.

1. Hvernig hafa raunvextir í bönkum breyst á innlánslið og útlánslið frá áramótum?

Við þessari spurningu er ekki unnt að gefa neitt einhlítt svar, þar sem verðbólgan kemur mjög rykkjótt fram í einstökum mælingum, sem yfirleitt eru ekki

gerðar nema á 3ja mánaða fresti. Þannig varð hækkun vísitölu framfærslukostnaðar yfir 3 mánuði til 1. febrúar 14.3%, er svarar til 70.6% árshækkunar, en hækkunin í janúar varð hins vegar aðeins 1.62%, sem svarar til 21.3% árshækkunar.

Til þess að ráða fram úr þessum vanda hefur Seðlabankinn þróað aðferð til þess að meta þá verðbólgu, sem til grundvallar liggur hverju sinni, með því að meta verðbólgu síðasta ársfjórðungs og horfur hins næsta að jöfnu, en ársfjórðunganna á undan og eftir það að hálfu við þá. Slíkt mat er þó tæpast gerlegt um hvern mánuð fyrir sig og liggur þannig ekki fyrir um tímann frá áramótum sérstaklega.

Til þess að gera nokkra úrlausn má miða við verðbólguþingið í nóvember síðast liðnum, endurskoðað skv. nýjustu heimildum, og verðbólguþingið svo sem það er metið nú í febrúar með hliðsjón af verðlagsspá Þjóðhagsstofnunar, hvort tveggja metið með fyrrgreindri aðferð. Verðbólguþingið í nóvember er þannig 57.6%, en í febrúar 55%. Vextir hafa almennt ekki breyst á þessu tímabili og reynsla ekki komin á 6 mánaða sparifjárreikninga.

Á þessum grundvelli má gefa eftirfarandi yfirlit með einstökum dæmum og meðalvöxtum á hvora hlið.

	Nafnvextir %	Raunvextir %	
		Verðbólga	Verðbólga
Innlán:			
Almenn spariinnlán	35	57.6%	55%
Vaxtaaukareikningar 3ja mánaða	40.5	÷14.3	÷12.9
Vaxtaaukareikningar 12 mánaða	46	÷10.9	÷9.4
Metnir meðalvextir innlána	46	÷7.4	÷5.8
	34.1	÷14.9	÷13.5
Útlán:			
	Ársávöxtun		
Endurseld afurðalán í kr.	32.3	÷16.0	÷14.6
Víxillán	42.7	÷9.5	÷8.0
Vaxtaaukalán, 2 gjalddagar	50.1	÷ 4.8	÷3.2
Vísitölutryggð lán	58.9/61.5	2.5	2.5
Meðalvextir útlána	46.6/46.4	÷7.0	÷5.6

Þess skal getið til skýringar, að nafnvextir eða ársávöxtun vísitölubundinna inn- og útlána koma út með mismunandi niðurstöðu eftir verðbólguþingi og hið sama gildir í minna mæli um meðalvextina. Enn fremur, að vaxtaaukainnlán geta hlotið nokkru hærrí ávöxtun, falli stofnun eða slit þeirra reikninga til innan árs.

2. Eru ráðgerðar hækkningar á þjónustugjöldum banka? Hve miklar?

Í efnahagsáætlun ríkisstjórnarinnar er gert ráð fyrir, að unnið verði á næstu vikum og mánuðum m. a. að því að hækka þjónustugjöldin til þess að draga með því úr þörf fyrir vaxtamismun. Starfshópur á vegum bankanna vinnur nú að athugun á möguleikum þessa efnis, en ekki er tímabært að greina frá niðurstöðum þeirrar athugunar.

SEÐLABANKI ÍSLANDS, Hagfræðideild.

17. febrúar, 1981.

Áhrif verðtryggðra 6 mánaða spariinnlána á meðalvexti.

Seðlabankinn hefur ekki samið neina eiginlega áætlun um tilflutning innlána á hina nýju 6 mánaða verðtryggðu sparifjárreikninga, þar sem fátt er við að styðjast. Eigi að síður hefur verið reynt að gera sér skynsamlega grein fyrir hugsanlegum horfum í þessu efni.

Verulegur hluti spariinnlána er bundinn til misjafnlega langs tíma. Vextir hinna bundnu innlána, að mestu færðir í desember, eru þó lausir næsta árið, áður en þeir bindast skv. hlutaðeigandi reglu. Hér fer á eftir yfirlit um samsetningu innlána um

áramót með skiptingu í laus og bundin innlán. Er þá innlánaaukning í desember talin sprottin af vaxtareikningi og þar með laus.

Milljón gkr.	Alls	Laus	Bundin
Veltiinnlán	80 387	80 387	
Spariinnlán:	303 694	202 335	101 358
Almennar bækur	168 335	168 335	
½, 1 og 10 ára bækur	14 617	2 600	12 017
Vaxtaaukareikningar 3ja mánaða	22 277	3 400	18 877
Vaxtaaukareikningar 12 mánaða	94 969	28 000	66 969
Visitölubundnar innstæður	3 495	—	3 495
Gjaldeyrisreikningar	7 626	7 626	—
Geymslufé v/innflutnings	864	—	864
Innlán, alls	392 571	290 348	102 222

Enda þótt þannig gætu verið um $\frac{2}{3}$ hlutar spariinnlána, eða um $\frac{3}{4}$ hlutar heildarinnlána, lausir til færslu á 6 mánaða reikningana þegar í stað, eru engar líkur á slíkum tilflutningi. Ástæðulaust er að gera ráð fyrir flutningi af veltiinnlánnum. Almenn spariinnlán munu að verulegu leyti höfð til viðbúnaðar við óvissum útgjöldum og sem biðreikningur óákveðinnar ráðstöfunar, og því óvíst um verulegan tilflutning þaðan. Gjaldeyrisreikningar munu meðfram ætlaðir til þess að viðhalda ráðstöfunarrétti yfir gjaldeyri.

Athyglin beinist því fyrst og fremst að bundnum innlánnum, sem sparendur hafa þegar ákveðið að leggja til hliðar um alllangan tíma. Að óbreyttum skilmálum gætu eigendur innlána losað svo til allt féð á einu ári, en ekki eru nánari heimildir um uppsagnir í gildi innan árs. Óhjákvæmilegt þótti hins vegar að taka tillit til hinna siðferðilegu skuldbindinga, sem tengdar eru 12 mánaða vaxtaaukainnlánnum allt frá stofnun þeirra árið 1976, þegar lýst var yfir, að vextir þeirra mundu breytast með náinni hliðsjón af verðbólgu, og raunar hafa þær skuldbindingar verið ítrekaðar með lagasetningum síðan. Þykir ekki verjandi að gefa kost á betri kjörum með styttri bindingu, nema yfirfærsluréttur sé veittur. Hefur það verið gert, en miðað við 1. apríl til þess að jafna það starfslega og fjárhagslega álag, sem þetta veldur bankakerfinu. Sami réttur fylgir ½, 1 og 10 ára bókuum í fyrria formi, sem hafa átt yfirfærslurétt á 12 mánaða vaxtaaukareikningum. Yfirfærslu af 3ja mánaða vaxtaaukainnlánnum gæti svo orðið lokið um miðjan maí. Þannig gætu allar innstæður, sem eigendur óska að flytja, verið komnar á fullverðtryggða reikninga eftir þrjá mánuði.

Margt getur orðið til þess að tefja slíka yfirfærslu: vankunnátta fólks, traust á að vaxtaaukajakjör muni þróast með verðbólgunni, almenn tregða til breytinga, reiðufjárþarfir vegna óvissu um afkomu og útgjöld o. fl.

Reiknað hefur verið dæmi á forsendum, sem gætu verið sennilegar, þeim að á nýju reikningana verði flutt: 15% almennra sparisjóðsinnstæðna, 50% af ½, 1 og 10 ára bókuum, 40% af 3ja mánaða vaxtaaukainnlánnum og 65% af 12 mánaða vaxtaaukainnlánnum. Enn fremur er gert ráð fyrir 50% verðbólguástigi, sem er nærri niðurstöðu Þjóðhagsstofnunar af þegar fram komnum eða boðuðum aðgerðum. Á þessum grundvelli mundu metnir meðalvextir innlána hækka um 2.3%-stig. Samkvæmt venjubundnum reglum um ávöxtun bundins fjár í Seðlabankanum er ástæða til að ætla, að áhrifin á vaxtamun inn- og útlána, að teknu tilliti til Seðlabankaviðskipta, muni verða 1.8% stig til lækkunar.

Til viðbótar áhrifum tilflutnings innlána mun bankakerfið að þeim loknum verða mun háðara breytingum á verðbólgu og þar með því, að útlánsvextir verði látnir fylgja verðbólgu fastar eftir en hingað til. Miðað við framangreindar forsendur og óbreytta útlánsvexti, mundi hækkun verðbólgu upp í 60% leiða til minnkunar vaxtabils leið-

réttra inn- og útlána um 1.6%-stig til viðbóar 1.8% vegna tilflutningsins, eða alls um 3.4%-stig frá 9.8% skv. samsetningu og kjörum síðustu áramóta.

Afkoma bankakerfisins var góð á síðasta ári, og má búast við nálægt 5% raunverulegri aukningu eigin fjár viðskiptabanka á síðasta ári. Þessi hagstæða breyting frá fyrri árum var að verulegu leyti fyrirsjáanlegur árangur verðtryggingarstefnunnar. Af þessari ástæðu verður varla talið nauðsynlegt að bæta upp alla rýrnun vaxtábilsins. Til þess að bregðast við henni hafa innlánsstofnanir fengið þá breytingu eina að geta veitt vísitölubundin lán niður í 2½ ár með 2.5% vöxtum. Í hve miklum mæli sá möguleiki verður nýttur, fer eftir ýmsu, svo sem svigrúmi einstakra stofnana til lána utan viðkvæms atvinnurekstrar, festu núverandi lánastofns í löngum og meðallöngum lánum, trausti bankastofnana á aðlögun vaxtakerfisins í heild o. s. frv. Um þetta hefur ekki verið gerð nein spá, en reiknað hefur verið sem dæmi um mótvægi, að ef 75% vaxtaaukalána færðust yfir á vísitölulán og um 40% víxla og hlaupareikninga yfir á vaxtaaukalan mundi vaxtabilið aukast á ný um 1.5%. Bendir þetta til þess, að innlánsstofnanir muni sýna verulega viðleitni í þessa átt, en slíkur flutningur milli útlánaforma krefst rýmri reglna en nú gilda um lágmarkslánstíma.

Fylgiskjal IV.

ÞJÓÐHAGSSTOFNUN

8/1/1981.

Vinnublað

Breytingar kauptaxta ASÍ, verðlags og kaupmáttar 1979—1981.

Forsendur: óheftur víxlgangur launa, gengis og verðlags, sbr. áætlun frá 21. nóvember.¹⁾

Vísitölur ársmeðaltal 1979=100

	Kauptaxtar ASÍ	F-vísitala, meðaltal mánaðar	Kauptaxtar, meðaltal mánaðar	
1980				
Október	163.9	175.7	93.3	
Nóvember	180.2	184.0	97.9	
Desember	197.4	193.1	102.2	
Ársmeðaltal	151.4	158.0	95.7	
1981				
Janúar	197.4	200.7	98.4	} 98.0 ²⁾
Febrúar	197.4	208.8	94.5	
Mars	221.1	218.4	101.2	
Apríl	221.1	231.3	95.6	} 95.1
Mái	221.1	244.4	90.5	
Júní	253.1	255.2	99.2	
Júlí	253.1	264.7	95.6	} 95.2
Ágúst	253.1	274.9	92.1	
September	281.0	287.1	97.9	
Október	281.0	301.8	93.1	} 92.7
Nóvember	281.0	316.9	88.7	
Desember	317.5	330.0	96.2	
Ársmeðaltal	248.2	261.2	95.0	

1) Hér er þá reiknað með 10% meðalhækkun kauptaxta ASÍ samkvæmt kjarasamningum. Í áætlun frá 21. nóvember var reiknað með 9.5% hækkun.

2) Meðaltal ársfjórðunga.

Fylgiskjal V.**Vinnublað**

ÞJÓÐHAGSSTOFNUN

8/1/1981.

Kauptaxtar ASÍ, verðlag og kaupmáttur 1981.

Visitölur, ársmeðaltal 1979=100

Forsendur: sjá áætlun frá 5/1/1981.

1981	Kauptaxtar ASÍ	F-visitata meðaltal mánaðar	Kaupmáttur meðaltal mánaðar
Janúar	197.4	201.0	98.2
Febrúar	197.4	207.2	95.3
Mars	205.3	213.9	96.0
Apríl	205.3	222.2	92.4
Mai	205.3	230.2	89.2
Júní	227.0	236.9	95.8
Júlí	227.0	242.4	93.6
Ágúst	227.0	248.7	91.3
September	245.1	256.8	95.4
Október	245.1	266.1	92.1
Nóvember	245.1	276.2	88.7
Desember	272.2	285.9	95.2
Ársmeðaltal	224.9	240.6	93.5
1. ársfjórðungur			96.5
2. ársfjórðungur			92.5
3. ársfjórðungur			93.5
4. ársfjórðungur			92.0

Fylgiskjal VI.

ÞJÓÐHAGSSTOFNUN

26/11/1980.

Breyting á framfærsluvisitölu og verðbótavísitölu 1979—1980.

	Breyting framfærslu visitölu %	Viðskipta- kjör %	Frádráttarliðir Búvöru- frádr. %	Áfengi, tóbak %	Ollu- styrkur %	Breyting verðbóta- vísitölu %
1/6/79	12.38	2.18	0.58	—	0.40	9.22
1/9/79	13.57	1.82	0.96	0.81	0.81	9.17
1/12/79	15.86	1.22	0.91	0.52	—	13.21
1/3/80	9.13	0.85	0.98	0.63	—	6.67
1/6/80	13.23	—	0.61	0.72	0.20	11.70
1/9/80	10.12	0.11	0.83	0.61	—	8.57
1/11/80	10.86	0.47	0.69	0.18	—	9.52
Breytingar						
1/2/79—1/11/80 ..	123.1	6.1	5.1	3.2	1.3	91.3

Tafla þessi er gerð samkvæmt tilkynningum Hagstofu Íslands um breytingar framfærsluvisitölu og verðbótavísitölu. Í neðstu línu töflunnar, sem sýnir hlutfallsbreytingar frá febrúar 1979 til nóvember 1980 (mars 1979 til desember 1980 hvað

varðar verðbótavísitölu), koma fram uppsöfnuð áhrif frádráttarliða. Þannig má sjá, að t. d. án viðskiptakjarafrádráttar hefði verðbótavísitala orðið 6.1% hærrí en ella og því hækkað um 103.0% ($191.3 \times 106.1 = 203.0$) í stað þeirrar 91.3% hækkunar, sem orðið hefur. Tekið skal fram, að í töflunni er ekki tekið tillit til 2% minni frádráttar á lægstu laun en verðbótavísitala sýnir.

Fylgiskjal VII.

ÞJÓÐHAGSSTOFNUN

3. febrúar 1981.

Um hækkun verðlags 1980.

Hér fer á eftir yfirlit yfir breytingar helstu mælikvarða verðlags á árinu 1980 í samanburði við árið 1979. Einnig fylgir tafla úr þjóðhagsáætlun fyrir árið 1981, að viðbættum nýjustu upplýsingum Hagstofu Íslands um verðlagsbreytingar á árinu 1980.

	Framfærslu- vísitala		Vísit. vöru og þjónustu		Byggingar- vísitala		Lánskjar- vísitala	
	1979 %	1980 %	1979 %	1980 %	1979 %	1980 %	1979 %	1980 %
Meðalhækkun frá fyrra ári	45.5	58.5	45.7	59.0	47.0	55.6	43.4	57.6
Hækkun frá upphafi til loka árs ¹⁾	60.6	58.9	63.0	58.5	54.3	57.3	55.2	52.6

Eins og fram kemur í yfirlitinu hækkaði framfærsluvísitalan að meðaltali um 58.5% milli 1979—1980, samanborið við 45.5% hækkun 1978—1979. Hækkunin frá upphafi til loka árs nam 58.9% 1980, en 60.6% 1979. Vísitala vöru og þjónustu hækkaði svipað og framfærsluvísitalan að meðaltali bæði árin, eða um 59.0% 1980 og 45.7% 1979, og raunar einnig svipað frá upphafi til loka ársins 1980, eða um 58.5%, en yfir árið 1979 hækkaði vísitala vöru og þjónustu um 63.0% eða heldur meira en framfærsluvísitala. Munurinn á verðhækkunum á árunum 1979 og 1980 er því meiri á mælikvarða vísitölu vöru og þjónustu en framfærsluvísitölu.

Byggingarvísitalan hækkaði að meðaltali um 55.6% 1980, en um 47.0% 1979. Frá upphafi til loka ársins 1980 hækkaði byggingarvísitalan um 57.3%, en 54.3% 1979.

Samanburður á breytingum lánskjaravísitölu milli ára er torveldari, þar sem hún er samsett vísitala, reiknuð út frá framfærslu- og byggingarvísitölum á mismunandi tímum, og vegur framfærsluvísitala tvo þriðju hluta, en byggingarvísitalan einn þriðja. Að meðaltali er lánskjaravísitalan byggð á 50 daga gömlum verðlagsathugunum. Þennan fyrirvara þarf að hafa í huga, þegar breytingar lánskjaravísitölu eru bornar saman við breytingar annarra verðlagsmælikvarða. Meðalhækkun lánskjaravísitölu er hér reiknuð eftir gildandi mánaðarvísitölum hvers árs (janúar—desember), en hækkunin frá upphafi til loka árs sýnir hækkun milli janúarvísitalna.

1) Framfærsluvísitala og vísitala vöru og þjónustu frá 31. desember — 31. desember; byggingarvísitala frá desemberbyrjun — desemberbyrjunar.

Fylgiskjal VIII.

ÞJÓÐHAGSSTOFNUN

28. janúar 1981.

Lausleg áætlun um beina skattbyrði einstaklinga 1964—1981.

	Brúttótekjur þús. nýkr.	Álagðir skattar ¹⁾ þús. nýkr.	Álagðir skattar í hlutfalli við:					
			Tekjur fyrra árs %	Tekjur greiðsluárs %				
1964	107.1	.	.	.				
1965	131.5	15.0	14.0	11.4				
1966	156.0	20.0	15.2	12.8				
1967	162.6	22.8	14.6	14.0				
1968	173.3	25.8	15.9	14.9				
1969	199.5	29.5	17.0	14.8				
1970	256.5	34.1	17.1	13.3				
1971	329.0	46.5	18.1	14.1				
1972	430.9	66.5	20.2	15.4				
1973 ²⁾	596.3 (570.4)	85.5	19.8	14.3				
1974	864.1	853.7	101.0	90.6	16.9	15.8	11.7	10.6
1975	1 144.0	135.2	15.8	11.8				
1976	1 538.5	200.4	17.5	13.0				
1977	2 285.2	250.5	16.3	11.0				
1978	3 620	454.7	19.9	12.6				
1979	5 500	761.7	21.0	13.8				
1980 áætlun	8 400	1 220	22.2	14.5				
1981 fjárlög	12 600 ³⁾	1 900	22.6	15.1				

1) Tekju- og eignarskattur, útsvar, sjúkratryggingagjald og fasteignaskattar (almannatryggingagjald og sjúkrasamlagsgjald fram til ársins 1972).

2) Aftari dálkurinn sýnir tekjur og skatta án fjölskyldubóta auk þess sem tekjutölur hafa verið lækkaðar sem nemur eigin húsaleigu o. fl. til þess að unnt sé að gera tölur frá 1974 sem sambærilegar. Tölur fyrir tímabilið 1964—1973 eru því ekki sambærilegar við tölur fyrir árin eftir 1973.

3) Þessi áætlun um brúttótekjur er í samræmi við áætlun ÞHS (frá 5. janúar s.l.) um tekjubreytingar á árinu 1981.

Fylgiskjal IX.

ÞJÓÐHAGSSTOFNUN

18. febrúar 1981.

Fjárhags- og viðskiptanefnd
efri deildar Alþingis.

Með bréfi frá 16. febrúar óskuðuð þér upplýsinga um nokkur tiltekin atriði vegna umfjöllunar nefndarinnar um frumvarp til laga um ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu, 193. mál. Óskað var eftir svári eigi síðar en 18. febrúar. Á svo skömmum tíma er ekki unnt að fjalla ítarlega um einstaka liði fyrirspurnarinnar, en hér á eftir verða nefnd nokkur atriði til upplýsingar.

1. a. Eftir mitt ár 1980 var verðbólgan á flesta mælikvarða á bilinu 52—55% miðað við heilt ár og virtist fara heldur hjaðnandi. Til dæmis hækkaði framfærslu-visitatala frá nóvember 1979 til nóvember 1980 um 51% og byggingarvisitatala

hækkaði frá september 1979 til september 1980 um 52%. Á síðustu mánuðum ársins 1980 fór verðbólgan hins vegar vaxandi á ný og frá upphafi til loka árs hækkaði framfærsluvísitala um tæplega 59%. Þetta má að einhverju leyti rekja til grunnkaupshækkana á síðustu mánuðum ársins og afleiðinga þeirra, en erfitt er að greina þær orsakir frá öðrum. Ógerningur er nú, 4—6 mánuðum eftir kjarasamninga, að setja fram áætlun um breytingar verðlags og kauplags á árinu 1981 miðað við þær forsendur, að engar grunnkaupshækkunir hefðu orðið á árinu 1980 og engar efnahagsráðstafanir verið gerðar um áramót. Slíkar spár má gera fram í tímann á ákveðnum forsendum, en þær hljóta jafnan að vera óvissar. Hins vegar er naumast raunhæft að ætlast á um líðna tíð miðað við að þetta eða hitt hefði farið öðruvísi en raun varð á.

- b. Í nóvember s.l. var gerð lausleg áætlun um breytingar verðlags, launa og kaupmáttar á árinu 1981 miðað við óheftan víxlgang kostnaðar og verðlags. Fylgir þessi áætlun hér með. Hækkun grunnlauna í kjarasamningum á síðasta ári varð líklega heldur meiri en gert var ráð fyrir í áætluninni en ekki er þó ástæða til þess að endurskoða hana vegna þessa eða annars, sem gerst hefur síðan.
- c. Í meðfylgjandi skjali frá 5. janúar s.l. er sett fram lausleg áætlun um breytingar verðlags, launa og kaupmáttar á árinu 1981. Áætlunin er reist á ákvæðum bráðabirgðalaga til viðnáms gegn verðbólgu frá 31. desember s.l. og efnahagsáætlun ríkisstjórnarinnar. Í þessari áætlun eru gerðir ýmsir fyrirvarar við spár af þessu tagi og er nauðsynlegt að hafa þá í huga þegar niðurstöður eru skoðaðar.

Vísitala framfærslukostnaðar hækkaði heldur meira frá nóvember til febrúar en gert var ráð fyrir í áætluninni frá 5. janúar (hækkunin frá 1. nóvember til desemberloka varð meiri, en hækkunin frá 1. janúar til 1. febrúar varð minni) auk þess sem til komu verðbótaáhrif bætttra viðskiptakjara, sem ekki hafði verið reiknað með. Af þessum sökum hækka verðbætur á laun um tæplega 6% 1. mars samanborið við 4% í áætlun. Á hinn bóginn hefur gengi helstu innflutningsmynta lækkað frá áramótum — vegna hækkunar á gengi dollars gagnvart Evrópumyntum — en í áætluninni var reiknað með óbreyttu gengi framan af ári. Hagstofan hefur gert áætlun um hækkun framfærsluvísitölu frá febrúar til maí og sýnir hún 1—2% minni hækkun en áður nefnd áætlun Þjóðhagsstofnunar. Framvindan á síðari hluta ársins mun mjög velta á því, hver verðlagsþróunin verður næstu mánuði. Það verður því naumast tilefni til þess að endurskoða spána fyrir árið allt fyrr en nánari vitneskja liggur fyrir um hækkun byggingarvísitölu í mars og framfærsluvísitölu í maí.

2. Viðskiptakjör bötnuðu um 4½% frá 3. ársfjórðungi til 4. ársfjórðungs 1980, er innflutningsverð í erlendri mynt hækkaði mjög lítið. Frá 4. ársfjórðungi til síðari hluta janúar virðast viðskiptakjörin hafa rýrnað nokkuð. Um síðastliðin áramót hafa viðskiptakjörin líklega verið um 4% lakari en að meðaltali 1980.

Hækkun á gengi Bandaríkjadollars gagnvart Evrópumyntum síðustu vikunnar hefur líklega bætt viðskiptakjör Íslendinga um 2—3%, en óvissa hlýtur að ríkjja um framhald gengisþróunar. Einnig má nefna, að miklar breytingar á gengi dollars geta haft áhrif á verðlag ýmissa útflutningsafurða, þegar fram í sækir. Til dæmis kann hækkun á gengi dollars að leiða til lækkunar á mjöl- og lýsisverði á heimsmarkaði. Einnig verður erfiðara að ná fram verðhækkun í dollurum í samningum við erlenda kaupendur, ef gengi gjaldmiðils heimalands hefur lækkað gagnvart dollar. Eins og endranær ríkir þannig mikil óvissa um þróun viðskiptakjara á næstu misserum. Í spám um áramót var talið líklegt, að útflutningsverðlag hækkaði heldur minna á árinu 1981 en innflutningsverðlag og viðskiptakjör versnuðu því

eitthvað. Gengisbreytingar að undanfögnu gætu þó breytt þessu. Að svo stöddu er ekki við því að búast, að breytingar viðskiptakjara verði umtalsverðar á næstu misserum, og erfitt að segja til hvorrar áttar breytingar verða. Viðskiptakjörin á árinu 1981 verða þó líklega nokkru lakari að meðaltali en á árinu 1980.

3. Á meðfylgjandi blöðum eru vísitölur kauptaxta, verðlags og kaupmáttar miðað við áður nefndar áætlanir frá nóvember s.l. um óheftan vixlgang kostnaðar og verðlags á árinu 1981 og áætlunina frá 5. janúar s.l. Rétt er að benda á, að tölurnar á blaðinu frá 8. janúar eru örlítið breyttar frá því sem er í áætluninni frá 22. nóvember. Ástæðan er nefnd í skýringu á blaðinu frá 8. janúar.

Eins og áður sagði urðu verðlagshækkunarir frá nóvember til febrúar og launahækkun 1. mars ekki nákvæmlega þær sömu og reiknað var með. Kaupmáttartölur mánuðina desember til mars eru því í reynd ekki alveg þær sömu og sýndar eru á blaðinu. Þetta hefur þó ekki áhrif á samanburð milli þeirra tveggja tilvika, sem sýnd eru.

Virðingarfyllst,
ÞJÓÐHAGSSTOFNUN
Ólafur Davíðsson.

ÞJÓÐHAGSSTOFNUN

21/11 1980.

**Lausleg áætlun um breytingar verðlags, launa
og kaupmáttar á árinu 1981.**

Í eftirfarandi tölum um breytingar verðlags, launa og kaupmáttar á árinu 1981 er miðað við þær meginforsendur:

- a) að vísitölubinding launa verði samkvæmt gildandi lögum,
- b) að framkvæmd verðlagsmála verði óbreytt frá því sem verið hefur, og
- c) að gengið verði lækkað til þess að mæta áhrifum innlendra kostnaðarhækkana á hag útflutningsatvinnuvega, þó að teknu tilliti til hugsanlegrar hækkunar á afurðaverði.

Þessari áætlun er eingöngu ætlað að sýna, hvert stefni í þróun verðlags, gengis, launa og kaupmáttar að þessum forsendum gefnum. Áætlunin er reist á framreikningi á vixlgangi kostnaðar og verðlags, eins og hann hefur verið á undanfögnu árum. Gert er ráð fyrir, að allur launakostnaður fylgi breytingum kauptaxta og að fiskverð hækki líkt og laun, bæði grunnlaun og verðbætur. Reiknað er með nokkurri hækkun útflutningsverðs á næsta ári, eða nálægt 7% á næstu 12 mánuðum, en heldur meiri hækkun innflutningsverðs.

Á framangreindum forsendum má setja upp eftirfarandi dæmi um breytingar framfærsluvísitölu og byggingarvísitölu á næsta ári. Fyrri dagsetningin á við framfærsluvísitölu, en síðari dagsetningin við byggingarvísitöluna.

	F-visitala		B-visitala	
	Hækkun hverju sinni %	Hækkun síðustu 12 mánuði %	Hækkun hverju sinni %	Hækkun síðustu 12 mánuði %
1980:				
Nóv./desember	10.9	51	15	56
Frá upphafi til loka árs	.	55	.	56
Ársmeðaltal	58	.	55
1981:				
Febrúar/mars	13—14	57	16	65
Mai/júní	15—16	60	14	67
Ágúst/september	13	65	14	73
Nóvember/desember	15	71	13	70
Frá upphafi til loka árs	.	70	.	70
Ársmeðaltal	65	.	68

Eins og áður sagði, er í þessum tölum gert ráð fyrir því, að gengi krónunnar verði lækkað til þess að mæta áhrifum kostnaðarhækkana á afkomu útflutningsgreina. Hvort slík gengisaðlögun gerist í einu skrefi eða með gengissigi yfir nokkurn tíma, getur haft áhrif á verðlagsbreytingar á einstökum tímabilum, en breytir ekki niðurstöðunni fyrir árið allt. Líklegt virðist í þessu dæmi, að verð á erlendum gjaldeyri hækki að meðaltali um 55—60% milli árána 1980 og 1981, en það jafngildir 35—38% lækkun á gengi krónunnar. Frá upphafi til loka ársins 1981 yrði hækkun á verði erlends gjaldeyris 50—55%, þ. e. gengi krónunnar lækkaði um 33—35%.

Eins og fyrr segir er í dæminu gert ráð fyrir óbreyttu kerfi verðbótageiðslna á laun samkvæmt gildandi lögum. Kauptaxtar hækka þannig heldur minna en verðlag vegna búvörufrádráttar og áfengis- og tóbaksfrádráttar. Auk þess felst í forsendunum lítills háttar rýrnun viðskiptakjara, sem einnig kæmi til frádráttar, en sá frádráttur skiptir þó litlu máli í dæminu. Ekki er gert ráð fyrir neinni grunnkaupshækkun á árinu 1981. Hækkun kauptaxta ASÍ í nýgerðum samningum er hér metin 10% að meðaltali og hækkun grunnlauna í heild, þ. m. t. samningur BSRB og ríkisins, er áætluð 8% að meðaltali fyrir alla launþega. Hækkunar kauptaxta eru síðan áætlaðar sem hér segir:

	Kauptaxtar allra launþega	
	Hækkun hverju sinni	Hækkun síðustu 12 mánuði
1980:		
1. desember	9.5	53
Ársmeðaltal	51
1981:		
1. mars	11—12	60
1. júní	13—14	63
1. september	11	65
1. desember	13	59
Ársmeðaltal	60

Þegar launa- og verðlagsbreytingar eru jafnmiklar og framangreindar tölur sýna, verða miklar sveiflur í kaupmætti launa frá einum mánuði til annars. Sé kaupmáttarþróunin dregin saman í meðaltal ársfjórðunga, verður niðurstaðan eftirfarandi:

Kaupmáttur kauptaxta.

Visitölur, 1979 = 100.

1979:	Allir launþegar	ASÍ
Ársmeðaltal	100	100
1980:		
1. ársfjórðungur	97.2	97.7
2. ársfjórðungur	93.0	93.4
3. ársfjórðungur	94.3	94.4
4. ársfjórðungur	96.4	97.6
Ársmeðaltal	95.1	95.7
1981:		
1. ársfjórðungur	95.7	97.7
2. ársfjórðungur	92.7	94.7
3. ársfjórðungur	92.8	94.8
4. ársfjórðungur	90.1	92.2
Ársmeðaltal	92.5	94.5

Samkvæmt þessu yrði kaupmáttur kauptaxta allra launþega að meðaltali 2—3% minni á árinu 1981 en á þessu ári, þrátt fyrir grunnkaupshækkanir í haust. Á síðasta fjórðungi næsta árs yrði kaupmátturinn 5—6% minni en á síðasta fjórðungi þessa árs. Að því er ASÍ-félaga varðar, er kaupmáttarrýrnun milli áranna 1980 og 1981 um 1% og 4—5% milli síðustu fjórðunga áranna. Eins og áður sagði verða miklar sveiflur milli einstakra mánaða.

Að lokum skal ítrekað, að ýmsa fyrirvara þarf að hafa um reikninga af þessu tagi. Hér er verið að framreikna verðlagsþróun að undanfögnu miðað við ákveðnar forsendur um kostnaðarhækkanir og áhrif þeirra á verðlag. Reikningar sem þessir geta gefið allgóða vísbendingu um breytingar á næstu 3 til 6 mánuðum, en úr því verða þeir ónákvæmari. Eins og áður sagði, er hér fyrst og fremst verið að sýna, hvert stefni, ef ekkert verður að gert.

Lausleg áætlun um breytingar verðlags, launa og kaupmáttar á árinu 1981.

Þær tölur, er hér fara á eftir, sýna lauslega áætlun um breytingar verðlags, launa og kaupmáttar á árinu 1981. Áætlunin er í aðalatriðum reist á ákveðnum forsendum um samhengi breytinga á launum, gengi og innflutningsverði og breytinga á visitölu framfærslukostnaðar á svipaðan hátt og gert hefur verið áður í áætlunum af þessu tagi. Slíkir reikningar eru að sjálfsögðu mikil einföldun á því, sem raunverulega gerist í hagkerfinu. Þeir hafa samt sem áður gefið nokkuð góða raun v'ð að spá visitölubreytingum á næstu 3 til 6 mánuðum, en úr því verða þeir ónákvæmari.

Forsendur um verðbætur á laun eru ákvæði bráðabirgðalaga um ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu. Er þá reiknað með, að allar tekjur fylgi breytingum kaup-taxta, sem hlýtur að vera nokkuð óviss forsenda, þegar breytingar eru gerðar á verðbótakerfi launa. Af þessum sökum er hætt við, að of mikið sé gert úr hjöðnun verðhækkana í kjölfar lækkunar á verðbótum 1. mars.

Gert er ráð fyrir stöðugu gengi næstu mánuði, sbr. efnahagsáætlun ríkisstjórnarinnar, en að síðan verði gengið lækkað til þess að mæta áhrifum kostnaðarhækkana

á útflutningsgreinar og samkeppnisiðnað, þó að teknu tilliti til 6—7% hækkunar útflutningsverðs. Um hækkun útflutningsverðs er þó allt í óvissu. Sama má segja um innflutningsverð, en þar er gert ráð fyrir 8—10% hækkun að meðtöldu olíuverði. Áætlunin tekur að öðru leyti einnig mið af efnahagsáætlun ríkisstjórnarinnar, meðal annars að því er varðar verðlagsmál, ríkisfjármál og peningamál, þótt þessum þáttum sé ekki gefið ákveðið tölulegt gildi. Niðurstaðan um nálægt 50% hækkun verðlags frá upphafi til loka árs felur hins vegar í sér að aðhaldi verði beitt við stjórn peningamála og að ríkisfjármál verði í þeim skorðum, sem settar voru í fjárlögum. Hér má nefna, að fjáröflun til styrkgreiðslna til atvinnuvega skiptir máli fyrir framvindu peningamála og/eða ríkisfjármála og líklegt að hún hafi einhver verðlagsáhrif, hvernig sem henni verður háttáð.

Að lokum skal ítrekað, að hér er um lauslega áætlun um vísitölu framfærslu- kostnaðar að ræða, reista á einföldum forsendum um samhengi helstu kostnaðarþátta og verðbreytinga. Niðurstaða þessarar áætlunar er sú, að framfærsluvísitalan gæti hækkað nálægt 50% frá upphafi til loka ársins samanborið við nálægt 55% hækkun á árinu 1980. Hér verður hins vegar að hafa í huga, að með óheftum vixl-gangi stefnir í 70% hækkun framfærsluvísitölu á þessu ári. Frekari árgangur næðist varla nema efnahagsáætluninni yrði fylgt eftir með sérstökum aðgerðum síðar á árinu, og raunar er frekar hætta á að árangur aðgerða sé hér ofmetinn en vanmetinn. Einnig ber að líta á það, að verðbólga yrði enn mikil undir lok ársins. Samkvæmt áætluninni hækkar framfærsluvísitala um 11% frá ágúst til nóvember, en það jafngildir 52% á heilu ári.

Hér á eftir fara tölur um hækkun framfærsluvísitölu á árinu 1981.

	Framfærsluvísitala	
	Hækkun hverju sinni	Hækkun síðustu 12 mánuði
1980:		
1. ágúst — 1. nóvember	10.9	51
1. nóvember — desemberloka	10	•
Frá upphafi til loka árs		55
Ársmeðaltal		58
1981:		
1. janúar — 1. febrúar	3—3½	56
1. febrúar — 1. maí	10—11	53
1. maí — 1. ágúst	8	50
1. ágúst — 1. nóvember	11	50
Frá upphafi til loka árs		48—50
Ársmeðaltal		51—52

Kauptaxtar gætu hækkað um nálægt 4% 1. mars, en síðan mundu kauptaxtar ASÍ (sem allir eru innan við 725 þús. gamlar krónur) hækka eins og framfærsluvísitalan. Hér er gert ráð fyrir að áfengi og tóbak hækki eins og aðrir liðir vísitölunnar að meðaltali.

Kaupmáttur kauptaxta ASÍ verður samkvæmt þessari áætlun eftirfarandi á árinu 1981.

Kaupmáttur kauptaxta ASÍ

Vísitölur, 1979 = 100	1980:
4. ársfjórðungur	97.6
Ársmeðaltal	95.7

1981:

1. ársfjórðungur	96.5
2. ársfjórðungur	92.5
3. ársfjórðungur	93.5
4. ársfjórðungur	92.0
Ársmeðaltal	93.5

Þessar kaupmáttartölur eru niðurstaða af áður nefndum breytingum verðlags og launa á árinu 1981 og ráðast eingöngu af þessum breytingum og tímaferli þeirra.

Fylgiskjal X.

ALÞÝÐUSAMBAND ÍSLANDS

Reykjavík, 17. febrúar 1981.

Fjárhags- og viðskiptanefnd
efri deildar Alþingis,
Guðmundur Bjarnason.

Með bréfi, dags. 16. febrúar 1981 óskar fjárhags- og viðskiptanefnd efri deildar Alþingis umsagnar Alþýðusambands Íslands um frumvarp til laga um ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu, 193. mál.

Á fundi miðstjórnar 8. janúar var fjallað um efni ofangreinds frumvarps, þ. e. bráðabirgðalögin, sem gefin voru út 31. desember 1980. Þar var eftirfarandi ályktun samþykkt með atkvæðum allra viðstaddra miðstjórnarmanna:

„Stjórnvöld hafa nú ákveðið með lögum að skerða verðbætur hinn 1. mars n. k. um sjö prósentustig. Með því er gengið þvert á mikilvæg samningsákvæði, sem eitt sér er fordæmanlegt. Á móti þessu kemur ákvörðun um að síðar á árinu verði ýmsir skerðingarliðir verðbótavísitölu afnumdir og skattar lækkaðir um 1.5% á meðaltekjum og lægri. Ríkisstjórnin telur að þegar tillit sé tekið til þess, að verðbólga muni minnka úr 70% í innan við 50% nægi þessar gagnráðstafanir til þess að halda þeim kaupmætti sem yrði, ef ekkert væri að gert.

Í aðgerðum stjórnvalda er ýmislegt óljóst og niðurstaða því óviss. Þetta á enn frekar við um þau atriði sem til lengri tíma lúta, og af öllu er ljóst að aðgerðirnar eru tilraun til þess að vinna tíma til varanlegrar stefnumótunar.

Alþýðusambandið hefur á allan fyrirvara um þessar ráðstafanir stjórnvalda og áskilur sér fyllsta rétt til nauðsynlegra aðgerða til þess að tryggja umsaminn kaupmátt. Samtökin itreka, að jafnmikilvægt og það er að draga úr verðbólgunni er nauðsynlegt að sjá svo um að atvinnuöryggi og kaupmætti fólks með meðaltekjur og lægri verði ekki fórnad. Miðstjórn ASÍ leggur á það höfuðáherslu, að staðið verði við þá yfirlýsingu, að kaupmáttur haldist óskertur, og er ljóst að til þess að ná þeim árangri í þróun verðlagsmála, sem að er stefnt, verður fleira að koma til en þær ákvarðanir varðandi launa- og gengismál sem þegar hafa verið teknar. Verðlagi verður að halda í skefjum. Miðstjórn ASÍ leggur áherslu á að hraða verður ákvörðunum um framkvæmd aðgerðanna jafnt til langs og skamms tíma, og þess verður að krefjast, að verkalyðssamtökin fái aðild að undirbúningi þeirrar ákvarðanatöku þegar á frumstigi, þannig að boðað samráð verði framvegis meira en orðin tóm.“

Á sama fundi var samþykkt einnig með atkvæðum allra viðstaddra miðstjórnarmanna eftirfarandi ályktun sem einnig snertir áramótaaðgerðir stjórnvalda:

„Miðstjórn ASÍ mótmælir harðlega 10% allsherjarhækkun allrar opinberrar þjónustu frá 1. janúar s. l., en með því er brotið samkomulag, sem verið hefur í

gildi allt frá 1977, um að slíkar hækkningar komi einungis til framkvæmda á síðustu 10 dögum fyrir útreikning verðbótavísitölu.“

Virðingarfyllst
Ásmundur Stefánsson.

Fylgiskjal XI.

VERZLUNARMANNAFÉLAG REYKJAVÍKUR

Reykjavík, 17. febrúar 1981.

Fjárhags- og viðskiptanefnd
efri deildar Alþingis,
hr. formaður Ólafur R. Grímsson.

Verslunarmannafélagi Reykjavíkur hefur borist bréf yðar, dagsett 16. febrúar 1981, þar sem þér óskið umsagnar um frumvarp til laga um ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu, 193. mál.

Þann 5. janúar s.l. ályktaði stjórn og trúnaðarmannaráð Verslunarmannafélags Reykjavíkur um bráðabirgðalög ríkisstjórnarinnar, sem sett voru á gamlársdag. Í þeirri ályktun mótmælti félagið harðlega, að stjórnvöld skyldu hafa ógilt nýgerða kjarasamninga með setningu bráðabirgðalaga, sem skerðir verðbótavísitöluna um 7 prósentustig þann 1. mars n. k. Verður ekki séð að brýna nauðsyn hafi borið til þess að setja bráðabirgðalög á gamlársdag varðandi þetta atriði, sem ekki kemur til framkvæmda fyrr en 1. mars n. k., það er löngu eftir að Alþingi hefur komið saman til fundar.

V. R. vill leyfa sér að benda á, að stór hluti launþega innan A.S.Í. tekur laun, sem eru á bilinu frá 3000—5000 krónur, samkvæmt þeim samningum, sem verkalýðshreyfingin undirritaði við vinnuveitendur þann 27. október s.l., eftir um 10 mánaða samningabóf.

Sá fjöldi launþega, sem verður að setta sig við að taka laun samkvæmt þessum launatöxtum og hefur orðið að þola mjög tilfínanlega kaupmáttarskerðingu að undanfögnu, vegna ákvæða laga nr. 13 1979, má illa við því að missa af þeirri 7% launahækkun, sem kjarasamningarnir áttu að tryggja þeim frá 1. mars n. k., en eru nú afnumin með enn nýrri lagasetningu.

Félagið skorar því á Alþingi að fella það ákvæði úr frumvarpinu.

Benda má á þá staðreynd, að á s.l. tveim árum hefur skerðing verðbóta á laun, að meðtöldum áhrifum bráðabirgðalaganna, numið tæplega 25% miðað við það ef samningarnir hefðu verið í gildi allan þennan tíma.

Það er þó til bóta, að skerðingarákvæði laga nr. 13 1979 eru afnumin frá 1. júní n. k. í meginatriðum.

Í ályktun V. R. er því einnig harðlega mótmælt, að stjórnvöld ógildi með lagaþótti kjarasamninga, sem verkalýðshreyfingin gerir við viðsemjendur sína. Siendurtekin íhlutun stjórnvalda í gildandi kjarasamninga er orðin hrein ógnun við frjálsan samningsrétt launþega, sem verkalýðshreyfingin getur ekki unað við.

Þá er því einnig mótmælt, að engin samráð voru höfð við samtök launþega um ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu, þrátt fyrir fögur loforð stjórnvalda um að það yrði gert.

Virðingarfyllst,
f. h. Verslunarmannafélags Reykjavíkur
Magnús L. Sveinsson, formaður.

Fylgiskjal XII.

BANDALAG STARFSMANNA RÍKIS OG BÆJA

Reykjavík, 6. janúar 1981.

Til Alþingis,
Reykjavík.

Á fundi stjórnar bandalagsins 5. janúar 1981 var samþykkt svofelld ályktun:
„Stjórn B.S.R.B. mótmælir harðlega þeim ákvæðum í nýsettum bráðabirgðalögum ríkisstjórnarinnar, sem fela í sér 7% kjaraskerðingu 1. mars n. k. og riftun þeirra kjarasamninga, sem undirritaðir voru í ágúst s. l.

Síðan kjarasamningar voru gerðir í ágúst hafa engar forsendur breyst, nema hvað laun annarra hafa hækkað mun meira en laun félagsmanna BSRB. Kjaradómur hefur í dag hækkað laun alþingismanna um rúmlega 16% frá 1. maí 1980, sem síðan hækkar í rúmlega 23% frá 1. des. s. l., og laun háskólamanna um 5—6% frá 1. desember.

Samningar B. S. R. B. voru innan þess ramma, sem meira að segja stjórnvöld töldu þjóðfélagið þola.

Að dómi stjórnar B. S. R. B. er með bráðabirgðalögunum vegið þannig að frjálsum samningsrétti samtaka launafólks, að valda hlýtur stórtjóni fyrir launamenn og áhættu fyrir þjóðfélagið, þegar litið er til framtíðarinnar. Ekkert nema neyðarástand getur verið forsenda fyrir því að rjúfa gerða samninga með lögum.

Því skorar stjórn B. S. R. B. á Alþingi að fella ákvæði bráðabirgðalaganna um skerðingu verðbóta á laun.

Samningar B. S. R. B. og aðildarfélaganna við ríki og sveitarfélög eru bundnir til ágústloka. En eftir kjaraskerðingu bráðabirgðalaganna og almenna þróun launamála hljóta opinberir starfsmenn og samtök þeirra að hefjast þegar handa um undirbúning uppsagnar samninga og baráttu fyrir leiðréttingu í næstu samningum.

Bandalagsstjórn ákveður að boða til formannaráðstefnu B. S. R. B. um þessi mál 10. febrúar n. k. og skorar jafnframt á aðildarfélögin að undirbúa þá ráðstefnu með umræðum og ályktunum á fundum.“

Virðingarfyllt.

F. h. Bandalags starfsmanna ríkis og bæja

Kristján Thorlacius.

Fylgiskjal XIII.

VINNUVEITENDASAMBAND ÍSLANDS

Fjárhags- og viðskiptanefnd
efri deildar Alþingis,
Alþingishúsinu,
Reykjavík

Rvk., 17. 2. 1981.

Sem svar við bréfi nefndarinnar sendist hér með ályktun Vinnuveitendasambands Íslands um bráðabirgðalög ríkisstjórnarinnar frá 31. des. 1980.

Virðingarfyllst,
Þorsteinn Pálsson.

Hjálagt:
Samþykkt VSÍ frá 9. jan. 1981 um verðbólguþá.

Samþykkt framkvæmdastjórnar VSÍ um efnahagsáætlun ríkisstjórnarinnar frá 31. des. 1980.

Á fundi framkvæmdastjórnar VSÍ í morgun var lögð fram spá um þróun gengis og verðlags á þessu ári. Jafnframt var gerð eftirfarandi samþykkt:

Vinnuveitendasamband Íslands lítur á efnahagsáætlun ríkisstjórnarinnar og bráðabirgðalög hennar frá 31. des. 1980 sem tilraun til heildarstefnumörkunar í efnahags- og atvinnumálum. Kjarni áætlunarinnar er sá að draga úr verðbólgu með niðurskurði á launaverðbótum 1. mars n.k., fastri gengisskráningu um hrið, upp-bótum eða millifærslum til sjávarútvegs og iðnaðar jafnframt því sem verðstöðvunarlög eru endurútgefin með gildistíma til 1. maí 1981.

Hér er um að ræða augljós bráðabirgðauðræði, sem koma eiga í veg fyrir þá auknu verðbólgu, er fyrirsjáanleg var í kjölfar síðustu kjarasamninga. Ráðstafanirnar duga á hinn bóginn ekki til þess að lækka ríkjandi verðbólguþástig. VSÍ vakti rækilega athygli á því við gerð kjarasamninganna s.l. haust, að hækkan launataxta leiddi ekki til kjarabóta, heldur hefði hún einungis í för með sér aukna verðbólgu.

Með bráðabirgðalögum ríkisstjórnarinnar hefur mestum hluta almennra kauphækkana verið kippt til baka. Verðbólguáhrifum samninganna er þannig eytt að mestu og kaupmáttur ráðstöfunartekna helst svipaður og verið hefði að öllu óbreyttu. Með þessu hefur ríkisstjórnin staðfest þá skoðun VSÍ, að hagsmunum launþega hefði verið eins vel borgið án launahækkana. Í þessu ljósi er óskiljanlegt, að ríkisstjórnin skuli hafa þrýst jafnfast á vinnuveitendur að semja á sínum tíma á grundvelli sátta-tillögu þeirrar, er sáttanefnd ríkisstjórnarinnar bar fram, eins og raun ber vitni.

Megingalli efnahagsáætlunarinnar er sá, að hún gerir ekki ráð fyrir því, að tekist verði á við þá efnahagslegu meinsemd sem núverandi verðbólguþástig er.

Um einstök efnisatriði efnahagsáætlunarinnar vill VSÍ taka eftirfarandi fram:

Verðbætur á laun.

VSÍ er sammála mikilvægi þess að hefta vixlgang verðlags og launa með takmörkun verðbóta. Sá niðurskurður verðbóta, sem ákveðinn er 1. mars, eyðir að mestu verðbólguáhrifum nýgerðra kjarasamninga. Á hinn bóginn er jafnljóst, að sú aukna vixlverkun milli verðlags og launa, sem ákveðin er á þremur síðustu verðbótatímabilum þessa árs, eykur hraða verðbólgunnar á ný. VSÍ er því eindregið andvígt þeim breytingum, enda sýnast þær ekki geta samrýmst meginmarkmiði efnahagsáætlunarinnar.

Þá telur VSÍ fráleitt að greiða laun eftir tvenns konar verðbótareglum. Af tæknilegum ástæðum er það erfitt í framkvæmd. Þar að auki er með því móti verið að breyta umsömdum launahlutföllum. Það er einkum varhugavert með tilliti til þess, að kjarasamningar hafa í raun og veru snúist um launahlutföll milli einstakra starfshópa, en ekki lífskjarabætur.

VSÍ lítur svo á, að bráðabirgðaráðstafanir þessar sýni ótvírætt nauðsyn þess að draga úr vixlverkunaráhrifum verðbótakerfisins með varanlegum hætti. VSÍ hefur margsinnis lagt tillögur þar að lútandi fram. Það þjónar miklu betur hagsmunum fyrirtækja og launþega að slík skipan verðbóta sé fastákveðin til frambúðar. Allt annað kallar á sifellda endurtekningu á handahófskenndri íhlutun stjórnvalda.

Fast gengi og uppbóta- og millifærslukerfi.

VSÍ telur mjög varasamt að falsa gengi ný-krónunnar eins og ríkisstjórnin hefur ákveðið. Sú ráðstöfun leiðir óhjákvæmilega til þess að grípa verður til millifærslna og uppbóta til þess að koma í veg fyrir stöðvun atvinnugreina. Með þessu er horfið áratugi aftur í tímann og stefnt að mjög svo óheilbrigðu ástandi í efnahags- og atvinnulífi landsmanna, er færast fyrir bragðið æ meir undir pólitískan járnhæl. Eigi ráðstafanir af þessu tagi aðeins að standa í skamman tíma hljóta þær að leiða til mjög óheppilegrar spákaupmennsku. VSÍ er því eindregið andvíggt þessum þætti efnahagsáætlunarinnar, enda samrýmist hann ekki aðild okkar og samningum við fríverslunarsamtökin.

Verðlagsmál.

Formaður verðlagsráðs, sem jafnframt er fulltrúi ríkisstjórnarinnar í ráðinu, hefur lýst yfir því, að endurútgáfa svokallaðra verðstöðvunarlaganna hafi þá þýðingu, að ríkisstjórnin muni ekki staðfesta þær ákvarðanir verðlagsráðs, sem teknar eru á faglegum grundvelli. VSÍ andmælir því endurútgáfu svokallaðra verðstöðvunarlaganna mjög harðlega.

Rétt er að vekja athygli á, að svokölluð verðstöðvun, er verið hefur í gildi í heilan áratug, hefur í raun og veru gert rekstur fyrirtækja dýrari en þurft hefði að vera vegna niðurskurðar og dráttar á afgreiðslu erinda. Verðbólgan hefur því til lengdar fremur aukist af þessum sökum en minnkað. VSÍ lýsir því ánægju með þá ákvörðun ríkisstjórnarinnar að svokallaðri verðstöðvun skuli fyrir fullt og allt lokið 1. maí n. k. Sú ákvörðun mun þegar til lengri tíma er litið heldur draga úr verðbólgu.

Vextir.

Lækkun afurðalánavaxta af gengistryggðum lánum bætir lítið eitt rekstrarstöðu sjávarútvegsins. Að öðru leyti sýnist ríkisstjórnin bæði stefna að því að hækka og lækka vexti. Stefnuleysi það, sem fram kemur í efnahagsáætluninni varðandi vexti, veldur því óvissu og óryggisleysi á lánamarkaði.

Spá hagdeildar VSÍ um áhrif efnahagsráðstafana ríkisstjórnarinnar til ársloka 1981.

Forsendur spárinnar eru eftirfarandi:

1. Verðbætur á laun greiðast í samræmi við bráðabirgðalög frá 31. des. 1980.
2. Gert er ráð fyrir að fiskverð hækki líkt og laun fiskvinnslufólks.
3. Gert er ráð fyrir að viðskiptakjör hafi batnað um líðlega 1% á síðasta ársfjórðungi, þannig að laun muni hækka um 0.3% vegna þess 1. mars 1981. Ekki er gert ráð fyrir frekari viðskiptakjarabata.
4. Gengi ísl. kr. gagnvart Bandaríkjadollar verði haldið föstu til 1. maí. Halli fiskvinnslunnar á þessu tímabili verði jafnaður með greiðslum í gegnum verðjöfnunarsjóð. Í maí, júní og júlí verði hratt gengissig, þannig að í júlilok verði fisk-

- vinnslan hallalaus. Síðan verði gengi dollars skráð þannig að fiskvinnslan sé án halla á hverjum tíma.
5. Gert er ráð fyrir að opinber þjónusta hækki ekki fram til 1. maí umfram það sem heimlað hefur verið, en óhjákvæmilegar hækkunir á annarri vöru og þjónustu verði heimilaðar.
 6. Vextir af inn- og útlánum haldist óbreyttir frá því sem er í dag. Vaxtalækkun 1. mars samræmist ekki stefnu ríkisstjórnarinnar um raunvexti í árslok 1981, ef tillit er tekið til verðbólguþriggja í árslok, og því ekki tekið tillit til vaxtalækkunar í spánni.
 7. Engar breytingar verði á óbeinum sköttum á tímabilinu.
 8. Niðurgreiðslur landbúnaðarafurða verði óbreyttar í krónutölu til ársloka 1981.

**Spá um þróun verðlags, kaupgjalds og gengi bandaríkjadollars.
Hækkunir á F-vísitölu og K-vísitölu.**

	F-vísitala spá 8.1. 81	K-vísitala spá 8.1. 81
Febrúar 1981	15%	
Mars 1981		5.5%
Maí 1981	9.5%	
Júní 1981		9.5%
Ágúst 1981	10%	
September 1981	12.5%	
Nóvember 1981		10%
Desember 1981		12.5%

	Spá 8.1. 1981
Kaupgengi Bandaríkjadollars.	
Janúar 1981	6.23
Apríl 1981	6.23
Maí 1981	6.55
Júní 1981	6.85
Júlí 1981	7.20
Október 1981	7.80
Janúar 1982	8.55

	8.1. 1981
Hækkun F-vísitölu.	
Febrúar 1979 — febrúar 1980	61.4% raunveruleiki
Maí 1979 — maí 1980	62.4% —
Ágúst 1979 — ágúst 1980	57.7% —
Nóvember 1979 — nóvember 1980	54.0% —
Febrúar 1980 — febrúar 1981	59.0% spá
Maí 1980 — maí 1981	54.0% —
Ágúst 1980 — ágúst 1981	54.0% —
Nóvember 1980 — nóvember 1980	56.0% —

Meðaltalshækkun framfærsluvísitölu milli árunna 1979 og 1980 var 58%. Í þessari spá er gert ráð fyrir að meðaltalshækkun á milli árunna 1980 og 1981 verði 53%. Spá sú, sem hagið VSÍ gerði 14.10. 1980, gerði hins vegar ráð fyrir 77% hækkun, en hún byggðist á að ekki yrðu gerðar neinar ráðstafanir í efnahagsmálum.